


# Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga Endurskoðunarskýrsla 2015

8. apríl 2016



**EY**

Building a better  
working world

Stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík

8. apríl 2016

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU fyrir rekstrarárið 2015 sem saminn er í samræmi við lög um ársreikninga.

Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunarinnar höfum við skoðað innra eftirlit til að ákveða endurskoðunaraðgerðir með það að markmiði að gefa álit á ársreikningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU en ekki gefa álit á virkni innra eftirlits. Í skýrslu þessari munum við setja fram ábendingar um það sem við teljum að betur mætti fara og önnur áhersluatriði við endurskoðun okkar.

Skýrsla þessi er eingöngu ætluð til upplýsingargjafar til stjórnar, stjórnenda og annarra innan félagsins og er ekki ætluð til frekari dreifingar.

Við endurskoðunina höfum við átt gott samstarf með starfsmönnum Þjónustuskrifstofu FFSS og þökkum veitta aðstoð. Sé þess óskað munum við með ánægju veita frekari upplýsingar um endurskoðunina.

Virðingarfyllt

Valgerður Kristjánsdóttir  
Löggiltur endurskoðandi  
Ernst & Young ehf.

# Efnisyfirlit

---

1. Framkvæmd endurskoðunar
2. Innra eftirlit
3. Helstu athugasemdir
4. Kennitölur

Tengiliðir:  
Valgerður Kristjánsdóttir  
Sími: 595-2500  
[valgerdur.kristjansdottir@is.ey.com](mailto:valgerdur.kristjansdottir@is.ey.com)

Aðalheiður Sigbergsdóttir  
Sími: 595-2500  
[adalheidur.sigbergsdottir@is.ey.com](mailto:adalheidur.sigbergsdottir@is.ey.com)

# 1. Framkvæmd endurskoðunar

## Markmið endurskoðunar

- ▶ Markmið endurskoðunarinnar er fyrst og fremst að tryggja að ársreikningur Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU gefi glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins. Markmiðið er hins vegar ekki að leiða í ljós óverulegar skekkjur.

## Framkvæmd endurskoðunar

- ▶ Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- ▶ Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

## Ábyrgð endurskoðanda

- ▶ Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

## Ábyrgð stjórnar

- ▶ Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Álit endurskoðanda

- ▶ Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.
- ▶ Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um ársreikninga.

---

## 2. Innra eftirlit

---

### Aðgreining starfa

- ▶ Núverandi starfsmannafjöldi gefur ekki tækifæri á fullri aðgreiningu starfa en samþykki reikninga og greiðslur eru á hendi sama aðila. Þar sem ekki verður komið á nægilegri aðgreiningu starfa þarf stjórn að vera vakandi fyrir því og bregðast við með eftirlitsaðgerðum.
- ▶ Í ljósi þessa ítrekum við mikilvægi þess að gjaldkeri stjórnar sinni eftirlitshlutverki og yfirfari reglulega greiðslur félagsins.

### Fundargerðir stjórnar

- ▶ Við endurskoðun félagsins fengum við afrit af öllum fundargerðum stjórnar á árinu 2015 og þeim fundum sem haldnir hafa verið á árinu 2016. Allar þær fundargerðir sem við fengum voru óundirritaðar af stjórn félagsins. Við mælumst til þess að félagið undirriti með reglubundnum hætti allar fundargerðir stjórnar en það er í samræmi við góða stjórnarhætti.

# 3. Helstu athugasemdir

---

## Verðbréfaeign

- ▶ Aflað var yfirlits frá Eignastýringu Arion banka. Verðbreytingartekjur vegna ávöxtunar í Eignavali A voru ófærðar. Þóknun og hluti vaxtatekna var einnig ófærður í árslok. Framangreind atriði voru leiðrétt í lokafærslum.

## Greiðslur í verkfallssjóð

- ▶ Á árinu 2015 voru 9,9 milljón króna greitt í verkfallssjóð BHM en allar greiðslur fóru í gegnum Félagssjóð SBU og voru þessi gjöld gjaldfærð þar einnig. Við framkvæmd á endurskoðun ársins voru þessi gjöld færð á Kjaradeilusjóð SBU en réttilega ætti sá sjóður að bera þennan kostnað tengt verkföllum ársins. Þar sem allar greiðslur fóru í gegnum Félagssjóð SBU þá er krafa í ársreikningi SBU á Kjaradeilusjóð að fjárhæð 5,8 milljón króna vegna þessara greiðslna.

## Skuldir

- ▶ Í ársreikningi Félagssjóðs stendur skuld við Vísindasjóð SBU að fjárhæð kr. 2.000.000. Skuldin verður gerð upp á árinu 2016 og er því sett fram á meðal skammtímaskulda í ársreikningi félagsins.
- ▶ Í ársreikningi Vísindasjóðs stendur skuld við Þjónustuskrifstofu FFSS. Um skammtímalán er að ræða og ekki var gerður sérstakur samningur vegna þess. Lánið var greitt á árinu 2016 og er því sett fram á meðal skammtímaskulda í ársreikningi Vísindasjóðs.

---


## 4. Kennitölur - Félagssjóður

---

---

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Samningsgjöld	13.584.435	12.705.270
Breyting milli ára	6,9%	6,1%
Laun & tengd gjöld	4.053.728	3.538.671
Breyting milli ára	14,6%	8,2%
Annar rekstrarkostnaður	1.167.160	2.893.047
Breyting milli ára	-59,7%	6,2%

---



**EY**

Building a better  
working world